




Ferðatími á höfuðborgarsvæðinu

Mæling á ferðatíma með Google Maps og skilgreining á annatíma

Verkefnið er styrt af Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar
Mars 2024

Lykilsíða

Höfundar skýrslunnar bera alla ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar eða álit þeirra stofnana eða fyrirtækja sem höfundar starfa hjá.

Númer skýrslu/gerð skýrslu	Fjöldi síðna	Dagsetning	Dreifing
	77	26.03.2024	Opin
Heiti skýrslu			
Ferðatími á höfuðborgarsvæðinu. Mæling á ferðatíma með Google Maps og skilgreining á annatíma.			
Report Title in English			
Travel Time in the Capital Area of Iceland			
Höfundur/ár	Verkefnastjóri	Tengiliður Vegagerðarinnar	
Sigríður Lilja Skúladóttir, 2024 Auður Þóra Árnadóttir, 2024 Ása Skúladóttir, 2024	Sigríður Lilja Skúladóttir	Auður Þóra Árnadóttir	
Styrktaraðili		Samvinnuaðilar	
Rannsóknarsjóður Vegagerðarinnar			
Útdráttur			
Í þessu verkefni var ferðatími á höfuðborgarsvæðinu mældur og tafir metnar. Auk þess að mæla ferðatíma var annatími árdegis og síðdegis á höfuðborgarsvæðinu skilgreindur. Ferðatími milli ára var einnig borinn saman. Notuð var vefþjónusta Google Maps sem er með landfræðilegar upplýsingar þar sem meðal annars er hægt að skoða ferðatíma og leiðarval.			
Abstract in English			
In this project the travel time for the capital area of Iceland was measured and delays estimated. In addition to measure travel time the rush hour for AM and PM was defined. Furthermore travel time for previos years was compared. For this research Google Maps was used. Google Maps is a web service with geographical information including travel time and route choice.			
Lykilorð			
Ferðatími, annatími, Google Maps, tafir, meðalhraði			
Undirskrift verkefnastjóra			Yfirlýsing af
			AS, APÁ

Efnisyfirlit

Mæling á ferðatíma með Google Maps og skilgreining á annatíma.....	1
Lykilsíða	2
Efnisyfirlit.....	3
1 Inngangur.....	4
2 Aðferðarfræði	6
2.1 Hugmynd að verkefni.....	6
2.2 Google Maps	6
2.3 Skilgreining leiða	6
2.4 Mæling í Google Maps.....	7
2.5 Mældar leiðir	8
2.6 Tímabil mælinga.....	12
2.7 Útreikningar.....	12
2.8 Yfirlit yfir framkvæmdir	13
3 Niðurstöður.....	15
3.1 Skilgreining annatíma.....	15
3.2 Ferðatími á höfuðborgarsvæðinu	22
3.3 Meðalhraði á leiðum	26
3.4 Samanburður ferðatíma milli ára.....	30
3.4.1 Samanburður heildarferðatíma árdegis og síðdegis.....	30
3.4.2 Lengri leiðir - Samanburður.....	32
3.4.3 Styttri leiðir – Samanburður.....	35
3.4.4 Leiðir í Reykjavík samanburður.....	38
4 Samantekt.....	41
Heimildaskrá	43
Viðauki A Gröf fyrir mæligögn	44
Viðauki B – Leiðir Reykjavík.....	71

1 Inngangur

Undanfarið hefur krafa um upplýsingar varðandi tafir og ferðatíma á höfuðborgarsvæðinu aukist. Á næstu árum eru margar framkvæmdir fyrirhugaðar á höfuðborgarsvæðinu tengdar samgöngusáttmála og mikilvægt að hafa upplýsingar um raunferðatíma fólks bæði fyrir og eftir framkvæmdir til að meta árangur og stöðu.

Hægt er að meta og greina með tölulegum upplýsingum hvar helstu tafir eru staðsettar en þau gögn geta nýst við gerð tillagna að úrbótum og forgangsörðun framkvæmda. Ef ferðatími verður aftur mældur eftir úrbætur er svo hægt að meta ávinning af ákveðnum framkvæmdum. Einnig er hægt að mæla ferðatíma á meðan framkvæmdum stendur og meta áhrif framkvæmda á ferðatíma.

Árin 2021-2022 vann Vegagerðin í samvinnu við innviðaráðuneytið að gerð arðsemismats framkvæmda og í þeirri vinnu var m.a. metinn kostnaður við umferðartafir. Einnig hefur Vegagerðin hugað að því hvernig almennt er staðið að arðsemismati framkvæmda en þar koma umferðatafir/sparnaður inn sem áhrifaþáttur.

Til að mæla ferðatíma á höfuðborgarsvæðinu hefur m.a. verið farin sú leið að einstaklingar keyra ákveðnar leiðir og skrá hvað það tekur langan tíma árdegis og síðdegis. Þetta getur verið tímafrek og kostnaðarsöm aðgerð og einungis fáar mælingar eru gerðar á hverri leið. Með þessum hætti hefur Reykjavíkurborg staðið fyrir reglulegum mælingum á ferðatíma á annatímum í umferð árdegis og síðdegis og var það gert árin 2012, 2015 og 2018 á fyrirfram tilgreindum leiðum.

Í þessu verkefni verður notast við Google Maps til að mæla ferðatíma, en það er vefþjónusta sem gefur nákvæmar landfræðilegar upplýsingar um svæði um allan heiminn, þar á meðal ferðatíma. Að nota þá aðferð gefur færi á að gera fleiri mælingar fyrir hverja leið, yfir lengra tímabil samdægurs, sem gefur ítarlegri upplýsingar. Einnig þarf minni mannskap til að framkvæma mælingarnar sem getur minnkað kostnað við mælingar af þessu tagi.

Markmið verkefnisins hér er að mæla ferðatíma einkabíla og gefa upp stöðu á ferðatíma á höfuðborgarsvæðinu. Annað markmið er að skilgreina annatíma umferðar. Stytting vinnuvikunnar stendur mörgum til boða og áhugavert að fá tölulegar upplýsingar til að meta núverandi annatíma árdegis og síðdegis.

Þessi rannsókn mun gefa góða mynd af ferðatíma á höfuðborgarsvæðinu og hægt verður að nota upplýsingar úr rannsókninni til að bera saman við önnur ár í framtíðinni, eða jafnvel milli árstíða. Margar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á næstunni í tengslum við samgöngusáttmálann og áhugavert væri að mæla ferðatíma á meðan

framkvæmdum stendur sem og eftir að þeim hefur verið lokið til að meta áhrif tafa og ávinning af framkvæmdum.

Lagt var upp með eftirfarandi markmið:

1. Skilgreina annatíma á höfuðborgarsvæðinu
2. Mæla ferðatíma á höfuðborgarsvæðinu: Lengri leiðir og styttri leiðir
3. Bera saman ferðatíma á milli ára

2 Aðferðarfræði

2.1 Hugmynd að verkefni

Árið 2021 vann innviðaráðuneytið í samvinnu við Vegagerðina að verkefni til að meta arðsemi framkvæmda í samgöngusáttmálanum. Meðal þess sem var metið voru tafir á höfuðborgarsvæðinu. Samgöngulíkan fyrir höfuðborgarsvæðið var notað til að fá hugmynd um ábata hvað varðar tafir í framtíðinni en rannsakendur vildu einnig fá upplýsingar um núverandi stöðu á töfum. Upp kom sú hugmynd að mæla ferðatíma með Google Maps á höfuðborgarsvæðinu bæði á annatíma árdegis og síðdegis sem og utan annatíma til að ná utan um tafir á ákveðnum leiðum. Þessar mælingar voru gerðar haustið 2021 og haustið 2022 en einungis fáar mælingar voru gerðar. Í niðurstöðum má sjá samanburð milli ára.

2.2 Google Maps

Google Maps er vefþjónusta sem gefur nákvæmar landfræðilegar upplýsingar um svæði um allan heiminn. Vefþjónustan býður upp á loft- og gervihnattamyndir og á sumum svæðum er boðið upp á myndir af götum á jörðu niðri teknar af sérstökum bíl, þessar myndir kallast „Street View“. Google Maps er einnig tól til að skipuleggja ferðir um allan heiminn fyrir mismunandi fararmáta; bíl, almenningssamgöngur, gangandi, hjól og flug. Í þessari rannsókn var Google Maps notað til að finna ferðatíma fyrir mismunandi leiðir á höfuðborgarsvæðinu.

Google Maps reiknar ferðatíma með því að mæla vegalendir milli tveggja áfangastaða og notar hraðatakmarkanir sem eru til staðar á leiðinni til að gefa upp meðalhraða. Auk þess hefur Google Maps aðgang að rauntímagögnum sem gefa upplýsingar um tafir og atvik sem gætu haft áhrif á ferðatíma. Þessi rauntímagögn koma frá snjallsímum eins og Apple og Android- sínum þar sem notandi hefur kveikt á staðsetningu sinni og upplýsingarnar eru sendar nafnlaust til Google. Allar þessar upplýsingar eru svo notað til að reikna út áætlaðan komutíma á áfangastað og þar með ferðatíma¹.

2.3 Skilgreining leiða

Ákveðið var að skilgreina ákveðnar leiðir sem ná yfir allt höfuðborgarsvæðið, frá helstu úthverfum Reykjavíkur, Hafnarfirði og Mosfellsbæ til miðsvæðis Reykjavíkur. Reynt var að skilgreina leiðir sem ná yfir svæði þar sem þekkt er að töluverðar umferðartafir verða, eins og t.d. Ártúnsbrekka, Sæbraut, Reykjanesbraut við Kaplakrika, Kringlumýrarbraut og Hringbraut. Helstu áfangastaðir í Reykjavík voru skilgreindir en þeir voru meðal annars Borgartún þar sem eru margir stórir vinnustaðir, Háskóli Íslands og Landspítalinn. Leiðir voru skilgreindar í þrjá hópa:

¹ Luke Stewart (2021)

Lengri leiðir (11-14 km): Lengri leiðir á milli úthverfa og miðbæjar til að fá stöðuna á ferðatíma á höfuðborgarsvæðinu í heild sinni.


Stytttri leiðir (3-8 km): Stytttri vegkaflar sem voru valdir til að fá yfirlit yfir aðstæður á ákveðnum álagspunktum vegakerfisins.

Reykjavík leiðir: Reykjavíkurborg hefur staðið fyrir ferðatímamælingum árin 2012, 2015 og 2018 með því að keyra ákveðnar ferðir árdegis og síðdegis². Þá var mældur ferðatími árdegis kl: 07:55 frá úthverfum til miðbæjar og síðdegis kl: 16:45 frá miðbæ til úthverfa. Ákveðið var að mæla ferðatíma þessara leiða með Google Maps, til að geta borið saman við fyrri ár. Ekki verður að öðru leyti fjallað sérstaklega um niðurstöður fyrir Reykjavík leiðir í þessari skýrslu en í viðauka B má sjá niðurstöður.

Ferðatími fyrir lengri og styttri leiðir var áður mældur fyrir árin 2021 og 2022 en aðeins voru gerðar fáar mælingar.

2.4 Mæling í Google Maps

Til að mæla ferðatíma var farið á slóðina www.googlemaps.com, ýtt á „directions“, einkabíll var valinn sem ferðamáti og síðan voru upphafsstaðir og áfangastaðir valdir. Þá kemur leiðin vinstra megin við valgluggann og ferðatími kemur fram fyrir neðan gluggann, sjá mynd 1. Google Maps gefur ferðatíma aðeins upp í heilum mínútum. Ferðatími er skráður sem og klukkan hvað var beðið um upplýsingarnar þ.e. upphafstími ferðar, sjá mynd 2. Til að finna ferðatíma til baka er ýtt á örvarnar  en þá snýst leiðin við. Utan annatíma þarf yfirleitt ekki að breyta leiðinni, en á annatíma sýnir Google Maps stystu leiðina hvað varðar ferðatíma sem er oft ekki sama leið og utan annatíma. Þá þarf að „færa leiðina“ til þannig að alltaf sé verið að mæla sömu leið. Því þarf að vera á varðbergi að leiðin sem mæld er sé sú rétta. Allar mælingar voru gerðar á virkum dögum.



Mynd 1 Valmynd Google Maps. Hægt er að velja ferðamáta, upphafs- og áfangastað, sjá ferðatíma og leiðarval sem og snúa við leið. Hér er sýnd lengri leið nr. 5 Borgartún – Spöngin, sjá töflu 1.

² Mannvít (2018)

Nr.	Leið	Vegalengd [km]	Dags: (mán)	Ferðatími [mín]	kl:
1	HÍ-Mosó	14,1	1.9.2023	16	07:38
2	Mosó-HÍ	14,1	1.9.2023	18	07:38

Mynd 2 Dæmi um hvernig dagsetning mælingar, upphafstími ferðar og ferðatími eru skráð.

2.5 Mældar leiðir


Töflur 1 og 2 sýna þær leiðir þar sem ferðatími var mældur með Google Maps. Um er að ræða lengri leiðir (11-14 km) til að fá stöðu á ferðatíma fyrir höfuðborgarsvæðið í heild sinni, frá úthverfum til miðbæjar og öfugt, sjá mynd 3. Styttri leiðir (3-8 km) voru mældar til að fá stöðuna á ákveðnum köflum, sem meðal annars eru þekktir fyrir að hafa tafir, eins og t.d. Reykjanesbraut við Kaplakrika, Sæbraut og fleiri staðir, sjá mynd 4.

Tafla 1 Yfirlit yfir lengri leiðir á höfuðborgarsvæðinu þar sem ferðatími var mældur með Google Maps.


Nr.	Lengri leiðir	Vegalengd [km]
1	Háskóli Íslands - Mosfellsbær	14,1
2	Mosfellsbær - Háskóli Íslands	14,1
3	Borgartún - Mosfellsbær	14,1
4	Mosfellsbær - Borgartún	14,4
5	Borgartún - Spöngin	11,1
6	Spöngin - Borgartún	12,4
7	Háskóli Íslands - Spöngin	11,1
8	Spöngin - Háskóli Íslands	11
9	Borgartún - Vellir Hfj.	13,8
10	Vellir Hfj. - Borgartún	12,9
11	Háskóli Íslands - Vellir Hfj.	13,2
12	Vellir Hfj. - Háskóli Íslands	13,4
13	Laugarásbíó - Fjörður	13,2
14	Fjörður - Laugarásbíó	13,1
15	Borgartún - Norðlingaholt	11,3
16	Norðlingaholt - Borgartún	11,9
17	Borgartún - Kórinn	12,7
18	Kórinn - Borgartún	13,4
19	Álftanes - Hestháls	15,9
20	Hestháls - Álftanes	16,5

Tafla 2 Yfirlit yfir styttri leiðir á höfuðborgarsvæðinu þar sem ferðatími var mældur með Google Maps.

Nr.	Stytttri leiðir	Vegalengd [km]
1	Vífilssstaðir-Lækjarskóli	3,9
2	Lækjarskóli-Vífilssstaðir	4,2
3	Reykjavíkurvegur Hfj.-Hamraborg	4,7
4	Hamraborg-Reykjavíkurvegur Hfj.	4,7
5	Hamraborg-Hótel Hilton	3,7
6	Hótel Hilton-Hamraborg	4
7	Háskóli Íslands-Kringlan	3,5
8	Kringlan-Háskóli Íslands	3,4
9	Háskóli Íslands-RUV	3,9
10	RUV-Háskóli Íslands	3,8
11	Mjódd-Laugarásbíó	5
12	Laugarásbíó-Mjódd	5,1
13	Skeifan-Össur	4,3
14	Össur-Skeifan	4,7
15	Húsasm. Vínlandsleið - Mosfellsbær	4,9
16	Mosfellsbær - Húsasm. Vínlandsleið	5,7
17	Laugavegur - Skeifan	1,8
18	Skeifan - Laugavegur	1,9
19	Reykjavíkurvegur Hfj. - Barmahlíð 33	7,8
20	Barmahlíð 33 - Reykjavíkurvegur Hfj.	7,7



Mynd 3 Lengri leiðir þar sem ferðatími var mældur með Google Maps.



Mynd 4 Styttri leiðir þar sem ferðatími var mældur með Google Maps.

2.6 Tímabil mælinga

Mældur var ferðatími í september og október árið 2023. Rannsóknin lagði upp með að ná a.m.k. 5 mælingum fyrir annatíma árdegis og síðdegis sem og utan annatíma. Árdegis var lagt upp með að mæla umferð frá rúmlega kl: 7:00 og þangað til ferðatími var orðinn stöðugur sem var yfirleitt á bilinu kl: 09:30-10:00. Síðdegis var byrjað að mæla ferðatíma rétt fyrir kl:15:00 og hætt að mæla þegar ferðatími var orðinn stöðugur sem var yfirleitt um og eftir kl: 18:00.


2.7 Útreikningar

Eftir að mælingum var lokið, var teiknað upp graf fyrir hverja leið. Með því að rýna grafið má sjá upphaf, lok og hápunkt annatíma, einnig má meta ferðatíma utan annatíma. Þessir tímar voru skráðir niður í eftirvinnslu með sjónmælingu. Einnig var reiknað meðaltal mælinga sem sýnir meðalferðatíma á grafi. Sjá má öll gröf fyrir ferðatíma allra leiða í viðauka A.

Til að reikna meðalferðatíma voru ferðatímar innan ákveðins bils lagðir saman og fundið meðaltal af þeim, sjá töflu 3. Sjá má dæmi um meðalferðatíma á mynd 5 og sjá má gröf fyrir ferðatíma allra leiða í Viðauka A.

Tafla 3 Dæmi um það hvernig ferill meðalferðatíma hvers leiðar er reiknaður, sjá má ítarlegri töflu í Viðauka A.

Lengri leiðir			Stytttri leiðir		
>=	<	Meðal [kl:]	>=	<	Meðal [kl:]
06:30	06:45	06:37	06:30	06:45	06:37
06:45	07:00	06:52	06:45	07:00	06:52



Mynd 5 Dæmi um graf sem sýnir ferðatíma eftir dagsetningum og einnig meðalferðatíma.

Til að reikna meðalferðatíma á hápunkti annatíma var tekin sú stefna að finna lengsta ferðatíma „topp“ á hápunkt annatíma og svo stysta „topp“ og finna meðaltalið af því.

$$MF = (LF + SF)/2 \quad (1)$$

MF = Meðal ferðatími á hápunkti annatíma [mín]

LF = Lengsti ferðatími á hápunkti annatíma [mín]

SF = Stysti ferðatími á hápunkti annatíma [mín]

Umferðartafir á annatíma miðað við á öðrum tíma eru fundnar út með því að draga venjulegan ferðatíma frá meðal ferðatíma á hápunkti annatíma.

$$T = MF - VF \quad (2)$$

T = Tafir [mín]

VF = Venjulegur ferðatími utan annatíma [mín]

MF = Meðal ferðatími á hápunkti annatíma [mín]

Meðalhraði á hverri leið var einnig reiknaður með því að deila vegalengd leiðar með þeim tíma sem það tók að aka leiðina á tilteknum tíma.

$$MH = L/FT \quad (3)$$

MH = Meðalhraði á leið á ákveðnum upphafstíma [km/klst.]

L = Vegalengd leiðar [km]

FT = Ferðatími [klst.]

Upphaf annatíma er sá tími þegar ferðatími byrjar að vera meiri en venjulegur ferðatími, ferðatími lengist miðað við ferðatíma utan annatíma.

Lok annatíma er sá tími þegar ferðatími fer að vera jafn venjulegum ferðatíma og er hættur að breytast, s.s. ferðatíma utan annatíma.

2.8 Yfirlit yfir framkvæmdir

Nokkrar framkvæmdir voru á meðan mælingar stóðu yfir:

- Kringlumýrarbraut, nýjar biðstöðvar fyrir strætó.
- Gatnamót við Bústaðaveg/Háaleitisbraut og stoppistöðvar strætó færðar.
- Arnarnesvegur (411), undirgögn á Arnarneshæð.

Helstu framkvæmdir frá mælingum 2021 og 2022 til mælinga 2023 voru eftirfarandi:

- Strandgata í Hafnarfirði: Framkvæmdir við stíginn, uppfærð gönguljós, þverun, ljós.
- Ásgarður: Undirgöng.
- Arnarnesvegur: Breytt stilling umferðarljósa.
- Skeiðarvogur/Sæbraut: Ný byggð í Vogum, gatnamót, önnur óvarin vinstri beygja tekin í burtu, einföld óvarin vinstri beygja, gangbrautir merktar hjá framhjáhlupum, lýsing og upphækkun.
- Sæbraut/Skeiðarvogur: Vasi lengdur.
- Bústaðavegur/Reykjanesbraut: Vasi lengdur vinstri beygja að Bústaðavegi.

- Hringbraut Hofsvallagata: Bílastæði, stöðvunarlína færð aftur, umferðarljós og lýsing uppfærð, vor 2023.
- Eiðsgrandi: Ný gönguþverun ljósastýrð.

3 Niðurstöður

3.1 Skilgreining annatíma

Rýnd voru gröf fyrir lengri leiðir og styttri leiðir, sjá má umfjöllun um leiðir í Reykjavík í Viðauka B, en það eru leiðir sem Reykjavíkurborg hefur mælt ferðatíma með því að keyra ákveðnar leiðir 2012, 2015 og 2018. Skráð var upphaf og lok annatíma bæði árdegis og síðdegis. Einnig var skráð hvenær hápunktur annatíma var þ.e. lengsti ferðatíminn árdegis og síðdegis. Sjá má niðurstöður fyrir greiningu á annatíma í töflum 5 og 6. Samantekt yfir annatíma á höfuðborgarsvæðinu má sjá í töflu 4 og myndræna framsetningu á annatíma á höfuðborgarsvæðinu í heild sinni á myndum 8 og 9. Myndræna framsetningu á annatíma fyrir lengri og styttri leiðir má sjá á myndum 10-17. Sjá má gröf sem sýna ferðatíma fyrir allar leiðir í Viðauka A.

Gögnin gefa til kynna að skipt getur máli hvort leiðin sé að fara í átt að miðbæ Reykjavíkur eða í átt að úthverfum á höfuðborgarsvæðinu, þegar annatími er skilgreindur. Örlítið mismunandi er hvenær annatími árdegis byrjar en hann virðist byrja fyrr ef leiðin byrjar í úthverfi til miðbæjar. Annatími virðist byrja fyrr eftir því sem leiðin er lengri. Lengstu ferðirnar eru frá Mosfellsbæ og Völlum Hafnarfirði til Háskóla Íslands og Borgartúns. Í þessum tilvikum byrjar annatími árdegis kl: 7:20 en annars er algengast að annatími árdegis til miðbæjar byrji kl: 07:30 eða í 75% tilvika, sjá mynd 6. Algengast er að hápunktur annatíma árdegis sé frá kl: 8:20-8:30 og að annatíma ljúki kl: 9:30. Tekið var mið af ferðum frá úthverfum til miðbæjar Reykjavíkur þegar annatími árdegis var ákvarðaður. Gögnin gefa til kynna að annatími árdegis sé frá kl: 7:30 til kl: 9:30 með hápunkt kl: 08:20-08:30, sjá myndir 10 og 12, þegar tekið er mið af því sem er algengast. Til að sjá myndræna framsetningu á ferðum frá miðbæ til úthverfa árdegis má skoða myndir 11 og 13.

Þegar annatími síðdegis var skoðaður var miðað við mælingar fyrir ferðir frá miðbæ til úthverfa. Til að sjá upphaf, lok og hápunkt annatíma leiða sem fara í átt frá miðbæ til úthverfa síðdegis má sjá myndir 14 og 16. Til að sjá myndræna framsetningu á ferðum í átt frá úthverfum til miðbæjar síðdegis má skoða myndir 15 og 17. Þegar annatími síðdegis frá ferðum frá miðbæ til úthverfa er rýndur er algengast að annatími byrji 15:00, eða í 50% tilvika sjá mynd 7. Annatími síðdegis virðist þó byrja fyrr þegar um lengri leiðir er að ræða eins og lengri leið nr. 9. Borgartún – Vellir og einnig fyrir leiðir sem liggja um Sæbraut eins og lengri leið nr. 13. Laugarásbío – Fjörður. Einnig virðist annatími enda aðeins seinna fyrir lengri leiðir eins og leið nr. 9. Borgartún – Vellir. Algengast var að hápunktur annatíma síðdegis væri frá kl: 16:20-16:30 eða í 95% tilvika. Algengast var að lok annatíma væri kl: 18:00, í 50% tilvika, sjá mynd 7. Gögnin gefa til kynna að annatími síðdegis sé frá kl: 15:00 til kl: 18:00 með hápunkt um kl: 16:20-16:30.

Tafla 4 Samantekt yfir annatíma á höfuðborgarsvæðinu í heild sinni haustið 2023


	Árdegis [kl:]	Síðdegis [kl:]
Annatími upphaf	07:30	15:00
Annatími lok	09:30	18:00
Hápunktur annatíma	08:20-08:30	16:20-16:30

Tafla 5 Yfirlit yfir annatíma á lengri leiðum, hægt er að sjá upphaf, lok og hápunkt annatíma árdegis og síðdegi fyrir árið 2023 að hausti til.


Lengri leiðir 2023	Upphaf annatíma árdegis [kl:]	Lok annatíma árdegis [kl:]	Hápunktur annatíma árdegis [kl:]	Upphaf annatíma síðdegis [kl:]	Lok annatíma síðdegis [kl:]	Hápunktur annatíma síðdegis [kl:]
1. HÍ - Mosfellsbær	07:45	09:30	08:45	15:00	17:45	16:20
2. Mosfellsbær - HÍ	07:20	09:30	08:20	15:45	17:45	16:30
3. Borgartún - Mosfellsbær	08:00	09:15	08:30	15:00	17:45	16:20
4. Mosfellsbær - Borgartún	07:30	09:15	08:20	16:00	16:45	16:20
5. Borgartún - Spöngin	07:30	09:15	08:30	15:15	17:45	16:30
6. Spöngin - Borgartún	07:30	09:15	08:30	14:30	17:00	16:15
7. HÍ - Spöngin	07:45	09:00	08:45	15:00	18:00	16:20
8. Spöngin - HÍ	07:30	09:30	08:20	15:45	17:45	16:30
9. Borgartún - Vellir	07:40	09:15	08:15	14:45	18:15	16:20
10. Vellir - Borgartún	07:20	09:15	08:20	15:30	17:45	16:20
11. HÍ - Vellir Hfj.	07:30	09:00	08:15	15:00	18:15	16:20
12. Vellir Hfj. - HÍ	07:15	09:15	08:20	15:30	17:30	16:30
13. Laugarásbió - Fjörður	07:45	09:00	08:20	14:45	18:00	16:30
14. Fjörður - Laugarásbió	07:30	09:30	08:30	16:00	17:00	16:15
15. Borgartún - Norðlingaholt	07:45	09:00	08:30	15:00	17:45	16:20
16. Norðlingaholt - Borgartún	07:30	09:30	08:20	15:00	17:30	16:30
17. Borgartún - Kórin	07:45	09:15	08:20	15:00	18:00	16:30
18. Kórin - Borgartún	07:30	09:30	08:20	16:00	16:45	16:20
19. Álfanes - Hesthals	07:30	09:15	08:30	15:15	17:30	16:30
20. Hesthals - Álfanes	07:45	09:15	08:30	15:15	17:30	16:30

Tafla 6 Yfirlit yfir annatíma á styttri leiðum, hægt er að sjá upphaf, lok og hápunkt annatíma árdegis og síðdegis fyrir árið 2023 að hausti til.

Styttri leiðir 2023	Upphaf annatíma árdegis [kl:]	Lok annatíma árdegis [kl:]	Hápunktur annatíma árdegis [kl:]	Upphaf annatíma síðdegis [kl:]	Lok annatíma síðdegis [kl:]	Hápunktur annatíma síðdegis [kl:]
1. Víflsstaðir - Lækjarskóli	07:45	08:15	08:00	14:30	18:00	16:30
2. Lækjarskóli - Víflsstaðir	07:30	09:00	08:30	15:00	17:30	16:15
3. Reykjavíkurvegur Hfj. - Hamraborg	07:30	09:30	08:30	15:30	17:00	16:15
4. Hamraborg-Reykjavíkurvegur Hfj.	07:30	08:45	08:00	15:30	18:00	16:30
5. Hamraborg - Hótel Hilton	07:30	09:30	08:30	15:00	17:30	16:30
6. Hótel Hilton - Hamraborg	08:15	09:00	08:30	15:00	18:00	16:30
7. Háskóli Íslands - Kringlan	08:00	09:15	08:40	14:30	18:00	16:20
8. Kringlan - Háskóli Íslands	07:40	09:15	08:40	15:45	17:45	16:30
9. Háskóli Íslands - RUV	07:45	09:15	08:40	15:00	18:00	16:20
10. RÚV - Háskóli Íslands	07:30	09:30	08:40	15:00	17:45	16:30
11. Mjódd - Laugarásbió	07:30	09:15	08:40	15:00	17:30	16:20
12. Laugarásbió - Mjódd	07:30	09:00	08:30	14:45	18:00	16:20
13. Skeifan - Össur	08:00	09:30	08:30	15:00	17:45	16:30
14. Össur - Skeifan	07:30	09:15	08:20	15:30	17:30	16:20
15. Húsasm. Vínlandsleið - Mosfellsbær	07:30	09:30	08:30	14:45	18:00	16:20
16. Mosfellsbær - Húsasm. Vínlandsleið	07:30	09:00	08:00	15:00	18:00	16:30
17. Laugavegur - Skeifan	07:30	09:30	08:30	16:00	17:00	16:30
18. Skeifan - Laugavegur	07:30	09:30	08:40	15:00	17:30	16:30
19. Reykjavíkurvegur Hfj. - Barmahlíð	07:30	09:30	08:30	15:30	18:00	16:30
20. Barmahlíð - Reykjavíkurvegur Hfj.	07:45	08:45	08:20	15:15	18:00	16:30




Mynd 6 Sjá má hlutfall leiða á ákveðnum tíma sem fara áleiðis frá úthverfi til miðbæjar árdegis fyrir upphaf, lok og hápunkt annátíma árdegis.




Mynd 7 Sjá má hlutfall leiða á ákveðnum tíma sem fara áleiðis frá miðbæ til úthverfa fyrir upphaf, lok og hápunkt síðdegis.

Annatími árdegis 2023: Höfuðborgarsvæðið




Mynd 8 Myndræn framsetning á annatíma á höfuðborgarsvæðinu árdegis.

Annatími síðdegis 2023: Höfuðborgarsvæðið




Mynd 9 Myndræn framsetning á annatíma á höfuðborgarsvæðinu síðdegis.

Annatími árdegis 2023 - Lengri leiðir til miðbæjar




Mynd 10 Yfirlit yfir upphaf, hápunkt og lok annatíma fyrir lengri leiðir á höfuðborgarsvæðinu. Sjá má þær leiðir sem fara í átt að miðbæ árdegis. Algengast er að annatími árdegis byrji kl: 07:30, endi kl: 09:30 og að hápunktur sé kl: 08:20.


Annatími árdegis 2023 - Lengri leiðir til úthverfa



Mynd 11 Yfirlit yfir upphaf, hápunkt og lok annatíma árdegis fyrir lengri leiðir á höfuðborgarsvæðinu. Sjá má þær leiðir sem fara í átt til úthverfa árdegis. Algengast er að annatími árdegis hjá lengri leiðum til úthverfa byrji kl: 07:45 og endi kl: 09:15 og að hápunktur sé kl: 08:30 á lengri leiðum til úthverfa árdegis.

Annatími árdegis 2023 - Stytttri leiðir til miðbæjar

Mynd 12 Yfirlit yfir upphaf, hápunkt og lok annatíma árdegis fyrir styttri leiðir á höfuðborgarsvæðinu. Sjá má þær styttri leiðir sem fara í átt að miðbæ árdgis. Algengast er að annatími byrji kl: 07:30, hápunktur sé kl: 08:30-08:40 og að annatíma árdegis sé lokið 09:30.


Annatími árdegis 2023 - Stytttri leiðir til úthverfa

Mynd 13 Yfirlit yfir upphaf, hápunkt og lok annatíma árdegis fyrir styttri leiðir á höfuðborgarsvæðinu. Sjá má þær styttri leiðir sem fara í átt til úthverfa árdgis. Algengast er að annatími árdegis byrji kl: 07:30, hápunktur sé kl: 08:30 og að annatíma árdegis ljúki kl: 09:30.

Annatími síðdegis 2023 - Lengri leiðir til úthverfa



Vegagerðin




Mynd 14 Yfirlit yfir upphaf, hápunkt og lok annatíma síðdegis fyrir lengri leiðir. Sjá má þær lengri leiðir sem fara í átt til úthverfa síðdegis. Algengast er að annatími byrji kl: 15:00, að hápunktur annatíma sé kl: 16:20-16:30 og lok annatíma síðdegis til úthverfa sé kl: 17:45.

Annatími síðdegis 2023 - Lengri leiðir til miðbæjar




Vegagerðin




Mynd 15 Yfirlit yfir upphaf, hápunkt og lok annatíma síðdegis fyrir lengri leiðir. Sjá má þær lengri leiðir sem fara í átt að miðbæ síðdegis. Mismunandi er hvenær annatími virðist byrja og enda síðdegis á lengri leiðum til miðbæjar. Hápunktur annatíma lengri leiða til miðbæjar er frá kl: 16:15-16:30.

Annatími síðdegis 2023 - Stytttri leiðir til úthverfa Vegagerðin



Mynd 16 Yfirlit yfir upphaf, hápunkt og lok annatíma síðdegis fyrir styttri leiðir. Sjá má þær styttri leiðir sem fara í átt til úthverfa síðdegis. Mismunandi er hvenær annatími byrjar en algengast er að annatími byrji kl: 15:00, að hápunktur annatíma sé kl: 16:20-16:30 og lok annatíma síðdegis til úthverfa sé kl: 18:00.

Annatími síðdegis 2023 - Stytttri leiðir til miðbæjar Vegagerðin



Mynd 17 Yfirlit yfir upphaf, hápunkt og lok annatíma síðdegis fyrir styttri leiðir. Sjá má þær styttri leiðir sem fara í átt að miðbæ síðdegis. Algengast var að annatími byrji kl: 15:00 en annatími lýkur á öllum leiðum kl: 18:00 eða fyrr. Hápunktur annatíma styttri leiða til miðbæjar síðdegis er frá kl: 16:15-16:30.

3.2 Ferðatími á höfuðborgarsvæðinu

Ferðatími var mældur með Google Maps fyrir mismunandi leiðir, sjá má niðurstöður í töflum nr. 7 fyrir lengri leiðir og nr. 8 fyrir styttri leiðir. Myndrænar niðurstöður má sjá á myndum nr. 18 fyrir lengri leiðir og nr. 21 fyrir styttri leiðir. Sjá má myndrænar niðurstöður fyrir tafir á myndum nr. 19-20 fyrir lengri leiðir og nr. 22-23 fyrir styttri leiðir. Sjá má gröf fyrir ferðatíma allra leiða í Viðauka A og upplýsingar um leiðir í Reykjavík í Viðauka B.

Á lengri leiðum er lengsti ferðatími árdegis á leið nr. 2. Mosfellsbær – Háskóli Íslands og leið nr. 10. Vellir Hfj. – Borgartún eða um 32,5 mínútur með tafir vegna annatíma um 13,5 mínútur. Lengsti ferðatími á lengri leið síðdegis á annatíma var leið nr. 11. Borgartún – Vellir Hfj. eða um 37 mínútur með tafir um 20 mínútur. Þegar tafir fyrir lengri leiðir frá úthverfum til miðbæjar eru skoðaðar árdegis, sjá mynd 19, má sjá að tafir eru mun meiri árdegis, einhverjar tafir eru þó síðdegis. Þegar tafir fyrir lengri leiðir frá miðbæ til úthverfa síðdegis eru skoðaðar, sjá mynd 20, sést að það eru tiltölulega litlar tafir árdegis en tafir síðdegis eru yfirleitt lengri en sambærileg leið árdegis. Samtals eru tafir árdegis fyrir lengri leiðir um 127,5 mín og tafir síðdegis um 184 mín. Ætla má að tafir síðdegis séu lengri en tafir árdegis á lengri leiðum þ.e. að ef fólk býr í úthverfi og vinnur í miðbæ, þá tekur lengri tíma að keyra heim síðdegis en til vinnu árdegis.


Á styttri leiðum var lengsti ferðatími árdegis á leið nr. 19. Reykjavíkurvegur Hfj. - Barmahlíð eða um 25 mín árdegis með tafir um 15 mín. Hafa ber í huga að á þessari leið voru framkvæmdir á Kringlumýrarbraut sem gætu leitt til þess að ferðatími var lengri en ella. Lengsti ferðatími á styttri leið síðdegis var leið á nr. 12 Laugarásbío – Mjódd með tafir um 14,5 mínútur. Þegar tafir fyrir allar styttri leiðir eru teknar saman fyrir leiðir frá úthverfi til miðbæjar árdegis þá fáum við að þær eru samtals 60 mín fyrir allar styttri leiðir. Ef teknar eru tafir fyrir sömu leiðir síðdegis eru tafir um 10,5 mín. Þegar teknar eru saman tafir fyrir allar styttri leiðir frá miðbæ til úthverfis eru þær 68,5 mín síðdegis en 10,5 mín árdegis. Út frá niðurstöðum eru tafir síðdegis lengri en tafir árdegis á styttri leiðum.

Tafla 7 Yfirlit yfir ferðatíma fyrir lengri leiðir á höfuðborgarsvæðinu. Sjá má stysta og lengsta ferðatíma á hápunkti annatíma árdegis og síðdegis, venjulegan ferðatíma og mat á töfum.


Lengri Leiðir 2023	Árdegis minnsti toppur [mín]	Árdegis mesti toppur [mín]	Ferðatími árdegis [mín]	Venjulegur ferðatími [mín]	Síðdegis minnsti toppur [mín]	Síðdegis mesti toppur [mín]	Ferðatími síðdegis [mín]	Árdegis Tafir meðaltal [mín]	Síðdegis Tafir meðaltal [mín]
1. HÍ-Mos	16	22	19	17	27	37	32	2	15
2. Mos-HÍ	27	38	32,5	17	20	24	22	15,5	5
3. Borgt.-Mos	17	19	18	17	31	37	34	1	17
4. Mos-Borgt.	24	37	30,5	17	17	20	18,5	13,5	1,5
5.Borgt.-Spöng	17	18	17,5	17	30	36	33	0,5	16
6.Spöng-Borgt.	23	34	28,5	16	17	19	18	12,5	2
7.HÍ-Spöng	16	21	18,5	16	27	35	31	2,5	15
8.Spöng-HÍ	24	33	28,5	16	20	23	21,5	12,5	5,5
9.Borgt.-Vellir	18	19	19	19	29	38	33,5	0	14,5
10.Vellir-Borgt.	27	38	32,5	19	21	25	23	13,5	4
11.HÍ-Vellir	17	19	18	17	30	44	37	1	20
12.Vellir-HÍ	23	37	30	17	21	24	22,5	13	5,5
13.Laug-Fjörður	17	18	17,5	16	30	39	34,5	1,5	18,5
14.Fjörður-Laug	22	29	25,5	17	18	21	19,5	8,5	2,5
15.Borgt.-Norðl.h.	15	16	15,5	15	24	31	27,5	0,5	12,5
16.Norðl.h.-Borgt.	22	28	25	15	17	20	18,5	10	3,5
17.Borgt.Kórinn	18	20	19	18	27	37	32	1	14
18.Kórinn-Borgt.	23	28	25,5	19	20	22	21	6,5	2
19.Álft.-Hest.	20	27	23,5	18	20	24	22	5,5	4
20.Hest-Álft.	23	26	24,5	18	22	26	24	6,5	6

Tafla 8 Yfirlit yfir ferðatíma fyrir styttri leiðir á höfuðborgarsvæðinu Sjá má stysta og lengsta ferðatíma á hápunkti annatíma árdegis og síðdegis, venjulegan ferðatíma og mat á töfum.


Styttri leiðir 2023	Árdegis minnsti toppur [mín]	Árdegis mesti toppur [mín]	Ferðatími árdegis [mín]	Venjulegur ferðatími [mín]	Síðdegis minnsti toppur [mín]	Síðdegis mesti toppur [mín]	Ferðatími síðdegis [mín]	Árdegis Tafir meðaltal [mín]	Síðdegis Tafir meðaltal [mín]
1.Víf.-Lækj.	7	9	8	6	10	15	12,5	2	6,5
2.Lækj.-Víf.	6	9	7,5	6	6	8	7	1,5	1
3.Rkv.v.-Hamr.	10	21	15,5	7	7	8	7,5	8,5	0,5
4.Hamr.-Rkv.v	6	8	7	7	8	15	11,5	0	4,5
5.Hamr.-Hilton	9	14	11,5	7	7	9	8	4,5	1
6.Hilton-Hamr.	8	10	9	8	14	19	16,5	1	8,5
7.HÍ-Kringlan	7	11	9	7	13	21	17	2	10
8.Kringlan-HÍ	8	12	10	7	8	12	10	3	3
9.HÍ-Rúv	7	10	8,5	7	16	26	21	1,5	14
10.RÚV-HÍ	9	14	11,5	6	7	8	7,5	5,5	1,5
11.Mjódd-Laug.	12	19	15,5	10	10	15	12,5	5,5	2,5
12.Laug.-Mjódd	9	13	11	9	18	29	23,5	2	14,5
13.Skeif.-Öss.	6	8	7	6	7	10	8,5	1	2,5
14.Öss-Skeif	11	15	13	6	6	8	7	7	1
15. Húsa.-Mos	7	8	7,5	7	8	9	8,5	0,5	1,5
16.Mos-Húsa.	13	18	15,5	7	7	8	7,5	8,5	0,5
17.Laugv.-Skeif	5	5	5	5	7	10	8,5	0	3,5
18.Skeif-Laugv.	7	9	8	7	7	10	8,5	1	1,5
19.Rkv.v.-Barmahl.	18	32	25	10	13	18	15,5	15	5,5
20.Barmahl.-Rkv.v	10	11	10,5	10	12	14	13	0,5	3




Mynd 18 Ferðatími að hausti 2023 á lengri leiðum á höfuðborgarsvæðinu. Á grafinu má sjá venjulegan ferðatíma árdegis og síðdegis sem og venjulegan ferðatíma.




Mynd 19 Tafir að hausti 2023 á lengri leiðum á höfuðborgarsvæðinu. Á grafinu má sjá tafir árdegis og síðdegis.




Mynd 20 Tafir að hausti 2023 á lengri leiðum á höfuðborgarsvæðinu. Á grafinu má sjá tafir árdegis og síðdegis fyrir lengri leiðir frá miðbæ til úthverfa.



Mynd 21 Ferðatími að hausti 2023 á styttri leiðum á höfuðborgarsvæðinu. Á grafinu má sjá ferðatíma árdegis og síðdegis sem og ferðatíma utan annatíma.



Mynd 22 Tafir að hausti 2023 á styttri leiðum á höfuðborgarsvæðinu. Á grafinu má sjá tafir árdegis og síðdegis fyrir styttri leiðir frá úthverfi til miðbæjar.



Mynd 23 Tafir að hausti 2023 á styttri leiðum á höfuðborgarsvæðinu. Á grafinu má sjá tafir árdegis og síðdegis fyrir styttri leiðir frá miðbæ til úthverfa.

3.3 Meðalhraði á leiðum

Reiknaður var meðalhraði fyrir lengri og styttri leiðir. Sjá má niðurstöður í töflu 9 fyrir langar leiðir, töflu 10 fyrir styttri leiðir, samantekt í töflu 11 og myndrænar niðurstöður á myndum 24 til 27.

Meðalhraði árdegis á lengri leiðum frá úthverfi til miðbæjar er 28,6 km/klst. á meðan meðalhraði árdegis á lengri leiðum frá miðbæ til úthverfa er 42,3 km/klst. Meðalhraði síðdegis á lengri leiðum frá miðbæ til úthverfa er 25,2 km/klst. á meðan meðalhraði síðdegis á lengri leiðum frá úthverfi til miðbæjar er 38,7 km/klst. Meðalhraði utan annatíma á lengri leiðum er 46,4 km/klst. Því má gera ráð fyrir að vera að jafnaði um 62% lengur á leiðinni árdegis frá úthverfi til miðbæjar og um 84% lengur á leiðinni síðdegis frá miðbæ til úthverfa á lengri leiðum miðað við venjulega meðalhraða ef keyrt er á háannatíma.

Á styttri leiðum frá úthverfi til miðbæjar árdegis er meðalhraði árdegis 20,7 km/klst. og frá miðbæ til úthverfa 31,7 km/klst. Meðalhraði síðdegis frá miðbæ til úthverfa er 20,7 km/klst. og frá úthverfi til miðbæjar 30,6 km/klst. Meðalhraði á styttri leiðum utan annatíma er um 36,5 km/klst. Gera má ráð fyrir því að vera að jafnaði um 76% lengur á leiðinni á styttri leiðum árdegis frá úthverfi til miðbæjar og einnig um 76% lengur á leiðinni síðdegis frá miðbæ til úthverfa miðað við venjulegan ferðatíma.

Tafla 9 Meðalhraði á annatíma árdegis og síðdegis sem og venjulegur meðalhraði fyrir lengri leiðir.

Langar leiðir 2023	Vegalengd [km]	Meðalhraði árdegis [km/klst.]	Venjulegur meðalhraði [km/klst.]	Meðalhraði síðdegis [km/klst.]
1. Háskóli Íslands - Mosfellsbær	14,1	44,5	49,8	26,4
